

Umhverfisstofnun
Áb. _____
- 9. mars 2017
Tilv. _____

Ferðafélag Íslands  
Stefán Jökull Jakobsson  
Mörkinni 6  
104 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Ísafjörður 7. mars 2017  
UST201702-155/J.S.J.  
09.07.01

### Efni: Umsókn framkvæmdaleyfi - Hornstrandir

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Stefáns Jökuls Jakobssonar, fyrir hönd Ferðafélags Íslands dags. 13. febrúar. 2017, vegna beiðnar um leyfi fyrir undanþágu frá 2. gr. auglýsingar um friðlandið á Hornströndum varðandi akstur vélknúinna farartækja innan friðlandsins.

Hornstrandir eru friðland skv. auglýsingu um friðland á Hornströndum nr. 332/1985 í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt auglýsingunni er skylt að ganga þannig um að ekki sé spilt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum. Jarðrask og akstur vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er háð leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 1. og 2. gr. ofangreindrar auglýsingar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 varðandi akstur utan vega, er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er leyfilegt að aka slíkum tækjum á jöklum og snævi þakinni jörð utan vega utan þéttbýlis svo fremi jörð sé frosin eða snjóþekja traust og augljóst að ekki sé hætt á náttúruspjöllum.

Samkvæmt 9. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ganga sérreglur um takmörkun á akstri utan vega í auglýsingu um friðlýsingu svæðis eða í stjórnunar- og verndaráætlun framfar undanþágum frá banni við akstri utan vega skv. 1. og 2. mgr.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 er óheimilt að eyðileggja greni eða hafa þar óþarfa umgang.

#### Lýsing framkvæmdar:

Stefnt er að því að sinna viðhaldi auk þess að ferja vörur sem erfitt er að komast með sjóleiðina að Hornbjargsvita við Látravík innan friðlandins á Hornströndum. Notaðir verða átta vélsleðar til fararinnar auk dráttarsleða. Leiðarval færi eftir aðstæðum og veðri. Sótt er um að fara á tímabilinu 24. mars til 10. apríl 2017.

#### Áhrifamat:

Ábúðarþéttleiki refsins á austanverðu friðlandinu er með því mesta sem þekkest og því rík aðgæsluskylda sem hvílir á þeim sem fara um svæðið. Umhverfisstofnun telur að það hvernig til tekst um áhrif fyrirhugaðrar ferðar innan friðlandsins á Hornströndum, sé háð því hvernig staðið verði að leiðarvali til og frá Hornbjargsvita.

### **Skilyrði**


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi til umræddrar framkvæmdar að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Sérfræðingur friðlandsins verði látinn vita um leið og brottfarartími er ákveðinn.
- Efni og skilyrði leyfisveitingar verði kynnt þátttakendum áður en ferð hefst.
- Sýnd verði ýtrasta varúð þannig að náttúru landsins verði ekki spillt.
- Refur verði látinn afskiftalaus og þess gætt að ekki sé skilið eftir fæði fyrir hann.
- Að fullnægjandi snjóþekja verði til staðar svo ekki skapist hætta á náttúruspjöllum.
- Ekin verði stysta mögulegu leið til og frá Hornbjargsvita, með hliðsjón af aðstæðum.
- Að notkun vélknúinna farartækja verði takmörkuð eins og unnt er.
- Að GPS-ferill fararinnar verði vistaður og afhentur Umhverfisstofnun að lokinni ferð.
- Umhverfisstofnun verði tilkynnt um öll frávik frá framkvæmdalýsingu.


Leyfið gildi fyrir eina ferð inn á friðlandið á Hornströndum á umræddu tímabili.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Gjaldið er 39.400 kr. sbr. 24. gr. b. gjaldskrár Umhverfisstofnunar, nr.535/2015.

Virðingarfyllt



Ión Smári Jónsson  
Sérfræðingur



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri